



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

27. nóvember 2018

Mál nr. 231/2018, „Frumvarp, hollustuhættir og mengunarvarnir, plastpokar

Eftirfarandi eru athugasemdir Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis:

Notkun plastpoka er aðeins brot plastvandans sem blasir við á komandi árum og má því segja að ráðist sé á garðinn þar sem hann er lægstur. Nærtækara hefði verið að að setja fram heilstæða löggjöf um útskiptingu á plasti í íslensku samfélagi fyrir önnur efni, endurnýtingu og endurvinnslu þar sem tekið er á öllum þáttum notkunarinnar og afleiðum hennar.

Betra hefði verið að bíða uns samráði vegna tillagna um aðgerðaráætlun starfshóps ráðuneytisins líkur þannig að frumvarp þetta hefði betur getað tekið tillit til samráðsins.

2. gr. Gildisvið. Fram kemur að ákvæði laganna nái jafnt til starfsemi sem felur í sér sölu á vörum. Ákvæði laganna nái ekki lengra en yfir þau fyrirtæki sem um lögin gilda og því er ljóst að fjöldi fyrirtækja s.s. fatabúðir sem afhenta burðarpoka eru undanþegin lögunum. Betra væri því að innleiða breytinguna í annarri löggjöf þar sem gildissviðið væri víðtækara.

3. gr. Plast er mjög víðtækt orð og mætti skilgreina það í löggjöfinni. Burðarpokar úr plasti....

37. gr. Ekki er ljóst hvaða yfirvald fer með stjórnslu vegna framfylgd greinarinnar. 37. gr. fjallar í fyrstu um losun gróðurhúsalofttegunda en svo koma þessir nýju kaflar um burðarpoka sem eru óskýlt efni. Greinin fellur því ekki vel inn á þessum stað og mætti frekar hugsa sér að búa til nýja grein um burðarpoka.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Narfason
framkvæmdastjóri.